

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 152/2025**

**frá 13. júní 2025**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/57 frá 15. janúar 2025 um að ákvarða snið upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azfa (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1713) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azfb. **32025 D 0057**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/57 frá 15. janúar 2025 um að ákvarða snið upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 (Stjtíð. ESB L, 2025/57, 16.1.2025).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2025/57, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L, 2025/57, 16.1.2025, ELI: [http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2025/57/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/57/oj)

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING